

Ísafjarðarbær
Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri

Reykjavík 18.janúar 2023

Sæl Arna Lára

Isavia Innanlandsflugvellir hafa heimild í fjárlögum 2023 að ráðstafa flugstöðinni á Þingeyrarflugvelli og við stefnum að því að fá Ríkiskaup til að aðstoða okkur við að selja eignina.

Með bréfi þessu vil ég upplýsa bæjarstjórn um þessa fyrirætlun og jafnframt að athuga hvort að sveitarfélagið vilji kaupa flugstöðina.

Í óformlegu samtali nýlega þá ræddum við hlutverk flugvallarins og þess vegna sendi ég þér samantekt vegna Þingeyrarflugvallar.

Forsaga málsins er þessi

Farið var í töluverðar framkvæmdir á Þingeyrarflugvelli á árunum 2006 og 2007. Í þeim fólst m.a. stækkun flugbrautar með yfirlagi, stækkun öryggissvæða og lagningu nýs vegar.

Við undirbúning framkvæmdar var hönnunin á vegum Mannvits og náíð samráð var við sérfræðinga Flugfélags Íslands (FÍ), vegna afkastagetu Fokkers 50. Mögulegir flugferlar voru kannaðir í hermi og einnig var farið í prufuflug á F50. Afstaða FÍ og Flugmálastjórnar var sú, að þetta væri þverbraut Ísafjarðarflugvallar og því væru samskonar beygjur eftir flugtak leyfilegar.

Jarðvinnuverktaki var KNH og eftirlit með jarðvinnu var frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Ljúka átti verkinu á einu ári, en verktaka tókst það ekki. Á fyrra ári framkvæmdar var lokið við jöfnunarlag flugbrautarinnar, en ekki tókst að setja klæðningu á brautina fyrir veturinn. Flugbrautin var þá völtuð oftar en til stóð og opin sem malarbraut. Árið eftir var hún síðan völtuð aftur áður en klæðning var lögð yfir.

Árið 2013 komu fram frostskemmdir í flugbrautinni. Ástæðan var talin vera að jöfnunarlagið hafi brotnað niður við þessa miklu völtun, þannig að það varð of rakadrægt og lyftist í frosti. Talið var að völtun hefði flýtt fyrir þessum frostskegmdum. Í ljósi þessa ástands var flugbrautin tilkynnt opin að sumarlagi fyrir áætlunarflug, en lokuð á veturna sökum áhrifa af frosti annars vegar og þíðu hins vegar. Við athugun málsins kom í ljós að Vegagerðin hafði einnig notað samskonar jöfnunarefni á einstaka vegakafla fyrir vestan og hafði sama vandamál þá komið upp.

Síðar komu fram takmarkanir sem leiddi af breyttum reglum Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA), sem þýddu að afkastageta F 50 leyfði ekki notkun flugbrautarinnar, en hún var talin nothæf fyrir Dash Q200, sem nú er notuð fyrir flug til Ísafjarðar.

Aðstæður eru þannig vestra að þegar ófært er til Ísafjarðar þá er ekki í öllum tilvikum fært á Þingeyrarflugvöll vegna legu flugbrautarinnar, vegna vindstrengja sem koma þvert á flugbrautarendana úr dölum sem liggja við hvorn endann.

Aðflug að flugvelliinum er langt og flugleiðin liggur frá Selárdal í Arnarfirði og inn Dýrafjörðinn. Vindur er oft þvert á fjörðinn og það veldur mikilli ókyrð og hristingi með óþægindum fyrir farþega. Nokkur tilvik voru þar sem að Þingeyrarflugvöllur átti að gegna hlutverki varaflugvallar en vélar í aðflugi hættu við áður en að kom að flugvelliinum sökum ókyrðar og misvinda á braut.

Erfitt er að meta hversu oft hefði verið hægt að nota Þingeyrarflugvöll í stað Ísafjarðarflugvallar þar sem veðurfarslegar aðstæður eru ekki kannaðar nema þegar til stendur að lenda á velliinum. Skiptir þar skyggni, vindhæð og vindátt mestu máli. Enginn starfsmaður er á Þingeyrarflugvelli, auk þess er veðurkerfið gamalt og þarfnast endurnýjunar. Sjaldan er hægt að skoða veðuraðstæður á Þingeyrarflugvelli frá Ísafjarðarflugvelli. Ef rýnt er í tölur um landingar sést að Þingeyrarflugvöllur var á árunum 2010–2015 verið notaður í um 9–15% þeirra tilvika sem ekki hefur verið hægt að nota Ísafjarðarflugvöll.

Á árunum 2014 og 2015 voru samtals 33 flugferðir til Ísafjarðar felldar niður á þeim tíma þegar Þingeyrarflugvöllur var opinn (1. júní til 15. október). Á þeim tíma var Þingeyrarflugvöllur eingöngu þrisvar sinnum notaður sem varaflugvöllur (9,1% af niðurfelldum flugferðum).

Út frá þessum gögnum má áætla að ef fjármunir fengjust til að ráðast í úrbætur á flugbrautinni á Þingeyri og til þess að reka flugvöllinn allt árið væri hægt að nota hann í um 9–15% tilfella þegar ekki er hægt að lenda á Ísafjarðarflugvelli. Það væru um 9–15 landingar á ári.

Lendingar	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Áætlun	12	9	14	10	2	1
% af niðurfelldu á Ísafjörð	12,8%	8,8%	14,4%	10,6%	Lokað á veturna	

Fjármunir til viðhalds flugvallainnviða á Íslandi hafa verið skornir verulega niður á síðustu árum og fjármunum er forgangsraðað í þágu flugöryggis til þeirra áfangastaða þar sem þörfin er mest. Þörf væri á mikilli fjárfestingu á Þingeyrarflugvelli ef ætlunin er að opna hann aftur sem áætlunarflugvöll. Bæði er þörf á endurnýjun á flugbraut, ljósabúnaði, flugleiðsögubúnaði, veðurmælum sem og viðhaldi á flugstöðinni sjálfri.

Í ljósi samgöngubóta í vegakerfi á Vestfjörðum þá væri líklega skynsamlegra að skoða Bíldudalsflugvöll sem varaflugvöll fyrir Ísafjörð.

Hér með er óskað eftir afstöðu Ísafjarðarbæjar til ráðstöfunar á flugstöðinni á Þingeyri.

Með vinsemd og virðingu,

Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri